



Þjóðhagsspá að sumri

Economic forecast, summer

Samantekt

Reiknað er með að hagvöxtur verði 4% í ár og 2,5% árið 2024. Hagvöxtur síðasta árs var borinn uppi af innlendri eftirspurn en í ár er gert ráð fyrir auknu vægi utanríkisviðskipta. Á fyrsta ársfjórðungi jókst verg landsframléiðsla um 7% frá fyrra ári en gert er ráð fyrir hægari aukningu þegar líður á árið.

Einkaneysla jókst um 4,9% á fyrsta fjórðungi ársins. Kjarasamningsbundnar launahækkanir og mikil fólksfjölgun studdu við einkaneyslu í byrjun árs. Búist er við hægari vexti einkaneyslu á komandi fjórðungum. Áætlað er að einkaneysla vaxi um 2,3% í ár og 2,2% árið 2024. Samneysla jókst um 1,7% að raunvirði á fjórðungnum. Gert er ráð fyrir að hún aukist um 2% í ár og 1,7% á næsta ári en að eftir það dragi úr vextinum.

Atvinnuvegafjárfesting hefur aukist hratt síðustu tvö ár en á fyrsta ársfjórðungi jókst hún um 3,6%. Útlit er fyrir hóflegri aukningu næstu ár en reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,5% í ár og 3,7% árið 2024. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 14,4% á fyrsta fjórðungi ársins og er það sjöundi ársfjórðungurinn í röð þar sem samdráttur mælist. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 5,2% í ár og að vöxtur verði nokkuð stöðugur, um og yfir 3% næstu ár. Þróttmikill vöxtur var í fjárfestingu hins opinbera á fyrsta fjórðungi ársins sem jókst um 7,1%. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 5,3% í ár en að árlegur vöxtur árána 2024-2026 verði 2,2% að meðaltali.


Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar reyndist jákvætt á fyrsta ársfjórðungi þar sem útflutningur jókst hraðar en innflutningur. Aukinn útflutningur er einkum vegna meiri umsvifa í ferðaþjónustu, líkt og undanfarin tvö ár, en aukning innflutnings vegna neyslu Íslendinga erlendis og vöruinnflutnings til rekstrar og fjárfestinga. Halli er á viðskiptum við útlönd og gert er ráð fyrir að þannig hátti til næstu ár. Reiknað er með að útflutningur vaxi um 8,3% á árinu og um 3,3% á næsta ári.

Kröftug hækkun var á vísitölu neysliverðs fyrstu mánuði ársins og var verðbólga 10% á fyrsta ársfjórðungi en útlit er fyrir að hún hjaðni hægt innan ársins. Í ár er gert ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 8,7% milli ársmeðaltala. Reiknað er með að það dragi úr hækkunum á næsta ári, m.a. vegna minni verðbólgu í viðskiptalöndum og hægari umsvifum í hagkerfinu, en spáð er 4,9% verðbólga á árinu að meðaltali og að hún minnki í 3% árið 2025.


Atvinnuleysi var meðaltali 3,9% á fyrstu fimm mánuðum ársins samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 3,7% á árinu og aukist á næsta ári í 4%. Heildarvinnustundir jukust um 4% fyrstu fimm mánuði ársins vegna fólksfjölgunar á vinnumarkaði. Laun hafa hækkað vegna nýrra kjarasamninga en árshækkun launavísitölunnar var

9,6% í maí. Gert er ráð fyrir að raunlaun hækki um 0,2% í ár og 0,9% á næsta ári um leið og verðbólga minnkar. Kjarasamningar renna út í byrjun næsta árs og töluverð óvissa er um launaþróun næstu ár.

Lántökur heimila að frádregnum uppgreiðslum hafa dregist saman undanfarna mánuði en aukist hjá atvinnufyrirtækjum. Vanskil eru enn lítil og skuldahlutföll lág í sögulegum samanburði. Erlend eignastaða þjóðarbúsins batnaði frá áramótum og í maí staðfesti alþjóðlegt matsfyrirtæki láns hæfiseinkunn ríkissjóðs ásamt því að breyta horfum úr stöðugum í jákvæðar.



Heimild: Hagstofa Íslands.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Alþjóðleg efnahagsmál

Hagvöxtur minnkaði í helstu viðskiptalöndum Íslands í lok síðasta árs eftir kröftugan vöxt í upphafi ársins. Útlit er fyrir að dragi úr hagvexti í hagkerfum helstu viðskiptaríkja á þessu ári.

Samdrátturinn stafar fyrst og fremst af auknu aðhaldi peningamála í baráttu við verðbólgu sem hefur reynst þrálát. Byggt á spám alþjóðastofnana er gert ráð fyrir að viðskiptavegin hagvöxtur helstu viðskiptalanda Íslands verði 1,1% í ár og 1,4% á næsta ári en nálgist 2% árið 2025 um leið og dregur úr verðbólgu og stýrivextir lækka.

Verðbólga vegin eftir viðskiptum Íslands við önnur ríki var um 7,6% á síðasta ári. Aukna verðbólga má að miklu leyti rekja til hærra orkuverðs í Evrópu og hækkunar á verði hrávara á heimsmarkaði í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu en að undanfögnu hefur verðbólga verið á breiðum grunn. Verðbólga hefur hjaðnað undanfarna mánuði í kjölfar stýrivaxtahækkana og lækkun orku- og hrávöruverðs. Undirliggjandi verðbólga, án orku og matvöru, hefur reynst þrálát og er enn nokkuð há í Bandaríkjunum, Bretlandi og á evrusvæðinu. Undirliggjandi verðbólga hefur farið lækkandi undanfarna mánuði í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu en í Bretlandi hefur hún farið hækkandi. Byggt á spám alþjóðlegra stofnana er gert ráð fyrir að viðskiptavegin verðbólga helstu viðskiptalanda verði 5,5% í ár, 3% á næsta ári og 2,2% árið 2025.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi maí 2023.

Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Eftir miklar hækkunar á verði olíu í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu lækkaði olíuverð í lok ársins vegna versnandi efnahagshorfa í heiminum. Verð á olútunnu hefur verið 80-85 Bandaríkjadaliir og verið breytilegt á þröngu verðbili. Óvænt ákvörðun hóps OPEC+ olíuframleiðsluríkja í byrjun apríl um að draga úr mánaðarlegri framleiðslu út árið 2023 olli tímabundinni hækkun olíuverðs. Þau áhrif fjöruðu aftur út eftir því sem leið á mánuðinn og áhyggjur komu fram um að efnahagsbati í Kína yrði minni en búist var við. Eftir að Evrópusambandið setti viðskiptabann á olíu frá Rússlandi hefur olíuútflutningur Rússlands til Kína og Indlands aukist en þangað er olían seld undir heimsmarkaðsverði. Í byrjun júní tilkynnti OPEC+ um áframhaldandi samdrátt í olíuframleiðslu út árið 2024 sem enn hefur ekki haft áhrif til hækkunar á verði olíu en mikil óvissa ríkir um eftirspurn næstu misseri. Miðað við framvirka samninga er búist við að olíuverð verði að jafnaði um 20% lægra en í fyrra og lækki á spátímanum.

Heimsmarkaðsverð á áli hækkaði nokkuð í byrjun árs vegna væntinga um efnahagsbata og aukna eftirspurn í Kína. Viðsnúningurinn hefur hins vegar ekki verið jafn mikill og vonir stóðu til. Útflutningur Kína á áli hefur aukist töluvert á árinu og útlit fyrir að álframleiðsla þar aukist á komandi mánuðum vegna lækkunar á verði orku. Sé horft til verðs í framvirkum samningum er útlit fyrir að heimsmarkaðsverð á áli lækki að jafnaði um 14,9% í ár, en hækki lítillega út spátímann.

Verð annarra hrávara hefur lækkað frá því sem var eftir að stríðsátök brutust út í Úkraínu og er verð nú svipað og um mitt ár 2021 þegar slakað var á sóttvarnaraðgerðum vegna heimsfaraldursins. Miðað við spár alþjóðlegra stofnana er búist við að verð annarra hrávara verði að jafnaði um 11% lægra en í fyrra og haldist nokkuð stöðugt út spátímann. Útflutningsverð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli hefur lækkað nokkuð frá áramótum aðallega vegna verðlækkunar á uppsjávarfiski og mjöli. Líkt og í þjóðhagsspá í mars er gert ráð fyrir að sú mikla verðhækkun sem varð um mitt ár 2022 gangi að einhverju leyti til baka á þessu ári og því næsta.



Horfur er á að viðskiptakjör versni í ár þrátt fyrir lækkun olú- og hrávöruverðs. Á næstu árum er búist við að viðskiptakjör verði nokkuð stöðug.

Utanríkisviðskipti

Á fyrsta ársfjórðungi var um 24,2 milljarða króna halli á jöfnuði vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd samanborið við 13,2 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Verri stöðu á þessu ári má að tölverðu leyti rekja til meiri neyslu vegna ferðalaga Íslendinga erlendis ásamt aukins innflutnings rekstrarvara og almennra fjárfestingarvara. Þrátt fyrir aukinn halla reyndist framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar jákvætt á fyrsta ársfjórðungi sökum mikils vaxtar útflutnings umfram innflutning. Útflutningur jókst um 10,8% milli ára á fyrsta fjórðungi, einkum vegna meiri umsvifa í ferðaþjónustu, en vöxtur innflutnings nam 3,7% og hefur ekki verið minni frá fyrsta fjórðungi 2021.

Reiknað er með að útflutningur vaxi um 8,3% á árinu. Fyrstu fimm mánuði ársins heimsóttu ríflega 700 þúsund erlendir ferðamenn Ísland eða álíka margir og á sama tíma árið 2019. Eyðsla hvers ferðamanns er hærra en fyrir kórónuveirufaraldurinn á föstu gengi, en nokkru lægri sé einnig leiðrétt fyrir verðhækkunum undanfarið. Fyrirliggjandi upplýsingar benda til að ferðamönnum fjölgi í sumar og að veturinn verði umsvifameiri en áður var talið. Áætlað er að um 2,2 milljónir ferðamanna komi til landsins á árinu og að þeim fjölgi enn á næsta ári. Samkvæmt veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem kynnt var í byrjun júní var lagt til að hámarksafli botnfisks á fiskveiðiárinu 2023 til 2024 yrði aukinn. Fyrir vikið er reiknað með meiri vexti útflutnings sjávarafurða á næsta ári en í síðustu þjóðhagsspá. Að öllu samanlögðu má áætla að útflutningur vaxi um 3,3% á næsta ári en að jafnaði um 3,1% til ársins 2028. Áætlað er að innflutningur aukist um 5,1% á þessu ári og um 2,8% á næsta ári. Utanlandsferðum Íslendinga fjölgaði milli ára fyrstu fimm mánuði ársins þegar álíka margir lögðu land undir fót og árið 2019. Samhliða auknu sætaframboði flugfélaga er talið að brottförum fjölgi. Vöruinnflutningur dróst lítillega saman milli ára á fyrsta ársfjórðungi en reiknað er með að hann fylgi þjóðarútgjöldum það sem eftir lifir ársins og næstu ár.

Halli á viðskiptajöfnuði á fyrsta ársfjórðungi var um 10,1 milljarður króna og batnaði um nærri 21,7 milljarða króna milli ára vegna hagstæðari niðurstöðu á þáttatekjujöfnuði og þjónustuviðskiptum við útlönd en á móti vó meiri halli á vöruskiptajöfnuði. Gert er ráð fyrir að viðskiptajöfnuður batni milli ára og verði neikvæður um 1,1% af vergri landsframleiðslu. Talið er að afgangur verði á jöfnuðinum undir lok spátímabilsins.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.


Þjóðarútgjöld

Einkaneysla

Einkaneysla jókst um 4,9% á fyrsta fjórðungi ársins, samanborið við 9,2% vöxt á sama tíma í fyrra. Kjarasamningsbundnar launahækkningar og mikil fólksfjölgun studdu við einkaneyslu í byrjun árs. Kortavelta jókst að raunvirði á fyrsta fjórðungi ársins, eftir að hafa staðið í stað á síðasta fjórðungi liðins árs. Nýskráningum einkabifreiða fjölgaði um 10%. Horfur eru á viðsnúningi á öðrum fjórðungi ársins. Kortavelta dróst saman í apríl og maí að raunvirði og nýskráningum einkabifreiða fækkaði lítillega milli ára. Sterk grunnáhrif eru til staðar en einkaneysla jókst um 13,7% á öðrum fjórðungi síðasta árs. Heimilin hafa nýtt uppsafnaðan sparnað til að styðja við einkaneyslu sem jókst um 7,6% að meðaltali síðustu fjóra ársfjórðunga en vergar ráðstöfunartekjur drógust saman að raunvirði um 1,4% á sama tíma. Í framtíðinni er búist við að einkaneyslan breytist í frekari mæli í samræmi við ráðstöfunartekjur.

Samkvæmt Væntingavísitölu Gallup í byrjun árs mældust álíka margir jákvæðir og neikvæðir um efnahagshorfur. Væntingar hafa verið á niðurleið á árinu en í maí mældust um 60% þátttakenda neikvæðir. Verðbólga hefur reynst þrálátari á árinu en væntingar voru um og vaxtahækkningar meiri.

Horfur eru á að hægi á einkaneyslu eftir mikinn vöxt síðustu tvö ár. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,3% í ár en dragist hins vegar saman á mann vegna fólksfjölgunar. Einkaneysla eykst með batnandi kaupmætti launa þegar líður á spátímabilið og vex að meðaltali um 2,5% samkvæmt spánni. Áætlað er að hlutur einkaneyslu í landsframleiðslu verði 52,3% í ár og að meðaltali um 52% á spátímabilinu.




Heimild: Hagstofa Íslands.


Samneysla og opinber fjármál

Í bráðabirgðatölum fyrir fyrsta ársfjórðung er áætlað er að afkoma hins opinbera hafi verið neikvæð um 21 milljarð eða sem nemur 2,1% af vergri landsframleiðslu (VLF) fjórðungsins. Afkoman er örlítið betri en á sama tímabili í fyrra þegar að hallinn nam 2,3% af VLF. Tekjuaukning hins opinbera var 11,8% á milli ára, skatttekjur jukust um 15,2% og tryggingargjald um 14%. Heildarútgjöld jukust um 11,6% á sama tímabili, aðallega vegna rúmlega 46% aukningar á vaxtagjöldum, sem rekja má til versnandi vaxtakjara og þrálátrar verðbólgu. Ríflega 14 milljarða halli varð á rekstri ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi og 8 milljarða halli á rekstri sveitarfélaga eða 1,6% og 0,9% af VLF fjórðungsins.

Samneysla hins opinbera jókst um 1,7% að raunvirði á fyrsta ársfjórðungi miðað við síðasta ár. Af undirlíðum samneyslu jukust afskriftir mest eða um 11,6% að nafnvirði. Kaup hins opinbera á vörum og þjónustu jukust um 9,4% og launakostnaður um 6,4%. Samneysluspáin byggir á fjárlögum ársins 2023 og fjármálaáætlun árána 2024–2028. Gert er ráð fyrir að samneysla vaxi um 2% í ár og 1,7% á næsta ári, en eftir það dragi heldur úr vextinum, sem verði 0,8% árið 2025. Hluttur samneyslu í VLF var um 26% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að hluttur samneyslu í VLF lækki næstu ár, en verði fram til ársins 2026 yfir meðaltali síðustu tuttugu ára, sem var 24,8%.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.



Fjárfesting


Kraftur hefur verið í atvinnuvegafjárfestingu síðustu tvö ár. Á síðasta ári jókst atvinnuvegafjárfesting um 15,2%, þar af jókst almenn atvinnuvegafjárfesting (sem undanskilur skip, flugvélar, stóriðju og orkutengda fjárfestingu) um 18,5%. Eftir fjármálaáfallið 2008 náði almenn atvinnuvegafjárfesting hámarki að raunvirði árið 2017 en lækkaði um 28% til ársins 2020 þar sem dró úr fjárfestingum tengdum ferðaþjónustu og síðar vegna heimsfaraldursins. Eftir próttmikla aukningu síðustu tveggja ára hefur almenn atvinnuvegafjárfesting náð fyrri hápunkti.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri þjóðhagsreikninga fyrir fyrsta ársfjórðung jókst atvinnuvegafjárfesting um 3,6% frá fyrra ári. Aukningin er minni en síðustu ársfjórðunga sem má helst rekja til 68% samdráttar í fjárfestingum í skipum og flugvélum. Almenn atvinnuvegafjárfesting jókst um 9,6% og fjárfesting í stóriðju og tengdum greinum um 13,3%. Útlit er fyrir hóflegri vöxt atvinnuvegafjárfestingar næstu misseri. Lítið hefur hægt á útlánum til fyrirtækja það sem af er ári og starfandi fjölgað í byggingageiranum. Á móti kemur að fjármögnunarskilyrði hafa þrengst með hækkandi stýrivöxtum. Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,5% í ár, en ef skip og flugvélar eru undanskildar þá yrði vöxturinn um 9,5%. Árið 2024 er gert ráð fyrir 3,7% aukningu og 1,6% vexti árið 2025. Óvissa hefur skapast um framkvæmdir við Hvammsvirkjun sem áætlað var að myndu hefjast í ár en af varúðarástæðum er nú reiknað með að þær komist á skrið á næsta ári.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 14,4% á fyrsta fjórðungi ársins og er það sjöundi ársfjórðungurinn í röð þar sem samdráttur mælist. Samdráttur mælist þrátt fyrir að starfandi í byggingariðnaði hafi fjölgað um rúm 12% frá sama tímabili á síðasta ári, en hluti starfsfólks í byggingariðnaði vinnur að annarri fjárfestingu en íbúðafjárfestingu. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) birti nýlega tölur úr spá sinni um fjölda fullbúinna íbúða í ár og næstu ár, byggt á talningu íbúða í byggingu. Gerir stofnunin ráð fyrir því að fullbúnar íbúðir verði rúmlega 2.800 í ár og á næsta ári. Það er talsverð lækking frá septemberspá stofnunarinnar þar sem gert var ráð fyrir um 3.200 nýjum íbúðum á hvoru ári fyrir sig.

Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting vaxi um 5,2% í ár en að vöxturinn haldist um og yfir 3% næstu ár. Hluttur íbúðafjárfestingar af vergri landsframleiðslu var tæplega 5,9% árið 2020 og hafði ekki verið hærra frá árinu 2007, en hefur lækkað eftir það og var um 4,9% í fyrra. Gert er ráð fyrir að hluttur íbúðafjárfestingar verði um 5,2% næstu ár sem er vel yfir 4,2% meðaltali síðustu tuttugu ára.

Samkvæmt vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem gefin er út af HMS hækkar húsnæðisverð áfram, en nokkuð hefur dregið úr hækkunum. Íbúðaverð hækkaði um 0,7% í maí og mælist 12 mánaða verðbreytingin nú 6,1%, en hún var hæst rúm 25% um mitt síðasta ár.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Fjárfestingar hins opinbera jukust um 7,1% á fyrsta ársfjórðungi 2023 samanborið við sama fjórðung síðasta ár. Fjárfestingar ríkissjóðs jukust um rúm 29% og sveitarfélaga um rúmlega 10%. Miðað við fjárlög ársins, fjármálaáætlun árána 2024-2028 og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga er búist við að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 5,3% í ár þrátt fyrir þróttmikinn vöxt á fyrsta ársfjórðungi. Samdráttinn má rekja til frestunar fjárfestinga hins opinbera til að draga úr þenslu í hagkerfinu en einnig grunnáhrifa vegna kaupa ríkissjóðs á Norðurhúsi við Austurbakka af Landsbankanum í fyrra. Gert er ráð fyrir að árlegur vöxtur árin 2024-2026 verði 2,2% að jafnaði. Hluttur fjárfestingar hins opinbera í vergri landsframleiðslu var um 4% á síðasta ári sem er yfir 3,7% meðaltali síðustu tuttugu ára. Gert er ráð fyrir að hlutfallið verði um 3,7% í ár en lækki næstu ár.

Vinumarkaður og laun

Atvinnuleysi var að meðaltali 3,9% á fyrstu fimm mánuðum ársins samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR), samanborið við 4,4% á sama tíma í fyrra. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 3,7% á árinu og aukist á næsta ári í 4%. Heildarvinnustundum fjölgaði um 6,7% á síðasta ári og 4% fyrstu fimm mánuði ársins. Mikil fólksfjölgun skýrir aukninguna að mestu leyti en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 2,7% í fyrra og horfur eru á enn meiri fjölgun í ár. Fyrstu fimm mánuði ársins var fólksfjölgun að meðaltali 3,9% miðað við sama tíma í fyrra samkvæmt VMR. Spurn eftir starfsfólki er enn mikil og 7.550 störf voru laus á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt könnun Hagstofu Íslands sem er álíka mikið og á sama tíma í fyrra. Samkvæmt staðgreiðsluskrá fjölgaði starfandi um 5,8% á fyrsta ársfjórðungi.

Alls voru 6.041 skráðir atvinnulausir að meðaltali hjá Vinnumálastofnun í maí. Skráð atvinnuleysi mælist nú 3% og hefur ekki verið lægra frá janúar 2019. Árshækkun launavísitölunnar var 9,6% í maí. Á sama tíma var verðbólga 9,5%. Gert er ráð fyrir að raunlaun hækki um 0,2% í ár og 0,9% á næsta ári um leið og verðbólga lækkar. Kjarasamningar renna út í byrjun næsta árs og töluverð óvissa er um launaþróun næstu ár.




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Verðbólga, gengi og fjármálamarkaðir

Verðbólga hefur reynst þrálát og hjaðnað hægt það sem af er ári. Kröftug hækkun var á vísitölu neysluverðs fyrstu mánuði ársins og var verðbólga um 10% á fyrsta ársfjórðungi sem er mesta árshækkun vísitölunnar frá þriðja ársfjórðungi 2009. Í maí hjaðnaði verðbólga lítillega og hækkaði um 9,5% frá fyrra ári. Rætur verðhækkana liggja víða. Almenn verðbólga hefur aukist umtalsvert í helstu viðskiptalöndum. Samræmd neysluverðsvísitala á evrusvæðinu hækkaði að meðaltali um 8,4% frá fyrra ári árið 2022 en í maí hafði hún hjaðnað í 6%. Verðbólga erlendis hefur leitt til hækkunar á verði innfluttra vara og aðfanga auk þess sem gengi krónu veiktist undir lok síðasta árs. Aukinn kostnaðarþrýstingur vegna launahækkana og spennu á vinnumarkaði hefur einnig haft áhrif til hækkunar verðlags. Mest áhrif eru þó enn vegna verðhækkana á húsnæðismarkaði en í maí mátti rekja tæplega þriðjung ársþækkunar til verðbreytinga á húsnæði. Verðhækkana gætir á flestum sviðum en án húsnæðis hækkaði vísitala neysluverðs um 8,4% frá fyrra ári og dagvörur hækkuðu um 12,1% í maí. Af þeim kostnaðarliðum einkaneyslu sem vega þyngst hefur helst dregið úr verðhækkunum á bensíni en í maí hafði það hækkað um 1,6% frá fyrra ári.


Verðbólguhorfur hafa versnað frá síðustu útgáfu þjóðhagsspár. Verðhækkunarir á húsnæðismarkaði hafa reynst þrálátar, þrátt fyrir snarpa hækkun stýrivaxta. Kostnaðarþrýstingur vegna launahækkana, spennu í hagkerfinu og verðbólgu erlendis frá eru enn að koma fram. Verðbólguvæntingar, bæði á markaði og í könnunum, hafa aukist. Frá upphafi árs hefur gengi krónunnar styrkst, verðbólga í helstu viðskiptalöndum hjaðnað nokkuð hratt, verð á hrávörum lækkað og hækkunarir sem áttu sér stað vegna framleiðsluörðugleika í kjölfar heimsfaraldursins gengið til baka. Sú þróun ætti að styðja við hjaðnun verðbólgu þegar líður á árið. Í ár eru horfur á að vísitala neysluverðs hækki um 8,7% að meðaltali milli ára. Á næsta ári er spáð minnkandi spennu í hagkerfinu og minni verðbólgu í helstu viðskiptalöndum og er gert ráð fyrir að verðbólga verði 4,9%. Árið 2025 er reiknað með að verðbólga hjaðni áfram og verði 3% en nálgist 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands eftir það. Áætlað er að gengi krónunnar verði svipað og í maí og haldist stöðugt út spátímann.

Undir lok síðasta árs dró peningastefnunefnd úr hækkunum stýrivaxta sem hækkuðu um 25 punkta í síðustu vaxtaákvörðun ársins. Mikil hækkun vísitölu neysluverðs í upphafi árs og verðbólguhorfur sem versnuðu hratt urðu til þess að peningastefnunefnd hækkaði vexti um 50 punkta í febrúar, 100 punkta í mars og 125 punkta í maí, en þá var bindiskylda einnig hækkuð. Við síðustu vaxtaákvörðun tók nefndin fram að sterkari hagvaxtarhorfur, vaxandi undirliggjandi verðbólga og hækkanandi verðbólguvæntingar kölluðu á harðara taumhald peningastefnu.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Hagtölur sýna að ný lán til heimila að frádregnum uppgreiðslum hafa dregist saman fyrstu mánuði ársins og í apríl höfðu þau ekki verið minni frá ársbyrjun 2016. Gera má ráð fyrir að tíðar hækkningar meginvaxta Seðlabanka Íslands hafi lagt stein í götu lántaka en á móti vega launahækkningar vegna nýlegra kjarasamninga. Staða heildarskulda heimila á móti ráðstöfunartekjum hefur haldist nær óbreytt miðað við meðaltal síðustu sjö ára og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er hún um 72% og hefur ekki verið lægri í tíu ár. Vanskil eru enn lítil. Á fyrstu mánuðum ársins hafa lántökur atvinnufyrirtækja að frádregnum uppgreiðslum verið ívið meiri en á sama tíma í fyrra og verið einna mestar hjá fasteignafélögum og þeim er stunda mannvirkjagerð. Vanskil fyrirtækja við innlánsstofnanir hafa farið minnkandi frá áramótum og hlutfall heildarskulda af vergri landsframleiðslu er lágt í sögulegu samhengi.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.



Á fyrsta ársfjórðungi var hrein eignastaða við útlönd jákvæð um 1.022 milljarða króna eða um 25% af vergri landsframleiðslu. Staðan versnaði lítillega milli ára en frá áramótum batnaði hún um nærri 50 milljarða króna, einkum vegna lægri skuldastöðu. Í maí greiddi ríkissjóður upp erlent lán í evrum að andvirði 40 milljarða króna og matsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti „A/A-1“ lánshæfis-einkunn ríkissjóðs og breytti horfum úr stöðugum í jákvæðar sökum meiri viðnámsþróttar. Í lok maí var virði gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands um 19% af vergri landsframleiðslu og fyrstu mánuði ársins vörðu innlendir aðilar meira fé í erlendar verðbréfafjárfestingar en erlendir aðilar í innlend verðbréf. Verð á skráðum innlendum hlutafélögum hefur lækkað um 12% frá áramótum sem skýrist að einhverju leyti af minni hagnaði félaga á fyrsta ársfjórðungi auk hærra vaxtastigs.

English summary

Iceland's GDP is forecast to grow by 4% this year and by 2.5% in 2024. Last year's economic growth was driven by domestic demand, but this year the contribution of net exports to GDP growth is expected to increase. In the first quarter, GDP increased by 7% from the previous year, but growth is expected to slow as the year progresses.

Private consumption increased by 4.9% in the first quarter of the year. Wage increases and high population growth supported private consumption at the beginning of the year. Growth in private consumption is expected to slow down in the coming quarters. It is estimated that private consumption will grow by 2.3% this year and 2.2% in 2024. Public consumption grew by 1.7% in the first quarter of the year and is expected to grow by 2% this year and 1.7% in 2024.

Business investment has increased rapidly in the last two years and in the first quarter of this year it grew by 3.6% from last year. Growth in business investment is set to slow down and is expected to grow by 3.5% this year and 3.7% in 2024. Housing investment fell by 14.4% in the first quarter of the year, the seventh quarter in a row where housing investment declines. Housing investment is expected to increase by 5.2% this year and be around 3% in the coming years. Public investment growth was strong in the first quarter when it grew by 7.1%. Public investment is expected to decrease by 5.3% this year, but that average annual growth will be 2.2% 2024-2026.

The contribution of net exports to GDP growth was positive in the first quarter with exports growing at a faster pace than imports. Similar to the development in the past two years, the increase in exports is mainly driven by greater activity in the tourist sector. However, the growth in imports is primarily influenced by the expenditure of Icelanders abroad, industrial supplies, and capital goods. There was a current account deficit in the first quarter, and this negative trend is expected to continue for the next few years. It is anticipated that exports will grow by 8.3% this year and by 3.3% next year.

Inflation rose at the beginning of the year and reached 10% in the first quarter. Inflation is set to decline gradually and is forecast to increase by 8.7% on average. Inflation is expected to abate next year, with inflation declining in neighbouring countries and a cooling economy. In 2024, the consumer price index is forecast to increase by 4.9% between years on average and is set to reach 3% in 2025.

Unemployment averaged 3.9% in the first five months of the year, according to the Labor Market Survey. It is estimated that unemployment will average 3.7% this year and increase next year to 4%. Total working hours increased by 4% in the first five months of the year, driven by population growth. Wages have risen due to new collective agreements. The annual increase in the wage index was 9.6% in May. At the same time, inflation was 9.5%. It is expected that real wages will increase by 0.2% this year and by 0.9% next year as inflation decreases. Collective wage agreements expire at the beginning of next year and there is considerable uncertainty about wage trends in the coming years.

New household credit excluding prepayments has decreased in recent months, but net credit to commercial enterprises have increased. Arrears remain at a low level, and debt ratios are low compared to historical data. The economy's net international investment position has improved since the beginning of the year. In May, S&P Global Ratings affirmed the A/A-1 sovereign rating of the Icelandic Treasury, but changed the outlook from stable to positive.

Tafla 1. Landsframléiðsla 2022–2028
 Table 1. Gross domestic product 2022–2028

| | | | | | Framreikningur Extrapolation | | |
|--|-------------------|------------|------------|------------|---------------------------------|------------|------------|
| Magnbreyting frá fyrra ári (%) Volume growth from previous year (%) | 2022 ¹ | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 |
| Einkaneysla <i>Private final consumption</i> | 8,6 | 2,3 | 2,2 | 2,7 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| Samneysla <i>Government final consumption</i> | 1,6 | 2,0 | 1,7 | 0,8 | 0,3 | 0,9 | 0,7 |
| Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i> | 6,9 | 2,3 | 3,4 | 1,9 | 4,2 | 1,1 | 1,8 |
| Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i> | 15,2 | 3,5 | 3,7 | 1,6 | 4,8 | 1,3 | 1,3 |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i> | -6,3 | 5,2 | 3,2 | 3,2 | 3,1 | 3,0 | 2,9 |
| Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i> | -0,9 | -5,3 | 2,1 | 1,0 | 3,4 | -2,2 | 2,1 |
| Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i> | 6,4 | 2,5 | 2,3 | 2,0 | 2,3 | 1,8 | 1,9 |
| Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i> | 20,6 | 8,3 | 3,3 | 2,8 | 3,0 | 3,4 | 2,9 |
| Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i> | 19,7 | 5,1 | 2,8 | 2,0 | 2,3 | 1,8 | 1,9 |
| Verg landsframléiðsla <i>Gross domestic product</i> | 6,4 | 4,0 | 2,5 | 2,4 | 2,6 | 2,5 | 2,4 |
| Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i> | -0,7 | -0,9 | -0,9 | -0,4 | 0,0 | 0,6 | 1,1 |
| Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i> | -1,6 | -1,1 | -1,6 | -1,0 | -0,5 | 0,0 | 0,6 |
| VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i> | 3.766 | 4.190 | 4.517 | 4.779 | 5.044 | 5.308 | 5.581 |
| Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i> | 8,3 | 8,7 | 4,9 | 3,0 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i> | -3,0 | 3,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Raungengi <i>Real exchange rate</i> | 3,9 | -0,7 | 1,6 | 0,7 | 0,6 | 0,4 | 0,5 |
| Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i> | 3,8 | 3,7 | 4,0 | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 4,0 |
| Vísitala kaupmáttar launa <i>Real wage rate index</i> | 0,0 | 0,2 | 0,9 | 1,1 | 1,4 | 1,6 | 1,6 |
| Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i> | 3,4 | 1,1 | 1,4 | 1,9 | 1,8 | 1,6 | 1,6 |
| Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i> | 7,6 | 5,5 | 3,0 | 2,2 | 2,0 | 2,0 | 2,0 |
| Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i> | 31,4 | -14,9 | 1,9 | 4,7 | 4,1 | 4,1 | 1,9 |
| Olíuverð <i>Oil price</i> | 39,8 | -20,1 | -6,8 | -4,0 | -3,1 | -2,7 | -2,3 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

FIGURE 1
Economic growth, national expenditure and balance of trade
Annual real change




FIGURE 2
Contribution to growth




FIGURE 3
World commodity prices
Index (2006=100)




FIGURE 4
Imports & exports
Annual real change




FIGURE 5
Current account balance
% of GDP




FIGURE 6
Private consumption
Annual real change




FIGURE 7
Public consumption
Annual real change



FIGURE 8
Public consumption
% of GDP




FIGURE 9
Gross fixed capital formation and contribution of components
Annual real change




FIGURE 10
Unemployment




FIGURE 11
CPI contribution of components




FIGURE 12
New household credit less prepayments
% of GDP





FIGURE 13
Net international investment position
% of GDP



Hag tíðindi Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

108 árg. ♦ 3. tbl. 30. júní 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Marínó Melsted ♦ marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.